



HVÍTASUNNUMANNA SUMARMÓT

DAGSKRÁ

Hvítasunnukirkjan, Skarðhlíð 20
Fimmtudagur 25. júní kl. 20:00

Setning móts. Biblíulestur „Brúðurin“ út frá Heb.10:24. Helgi Guðnason kennir.

Föstudagur 26. júní kl. 20:00

Samkoma í umsjón safnaðanna í Vestmannaeyjum og Akureyri.

Laugardagur 27. júní kl. 11:00

Pylsugrillveisla á kirkjuplaninu í boði kirkjunnar.

Laugardagskvöld 27. júní kl. 20:00

Samkoma í umsjón safnaðarins á Selfossi. Sigurður Ágústsson talar

Sunnudagur 28. júní kl. 11:00

Samkoma og brauðsbrotning í umsjón Akureyringa. Snorri Óskarsson talar. Mótsslit og léttur hádegismatur eftir samkomuna.

Á Akureyri eru fjöldi gistingualeika, hótél, gistiheimili og sumarhús. Við Þórunnarstræti er tjaldstæði í hjarta bæjarins og við Hamra reka skátar frábært tjaldstæði með ýmsum afþreyingarmöguleikum fyrir börn og fullorðna.

Tvær sundlaugar eru á Akureyri og er Sundlaug Akureyrar sannkölluð vatnaparadís. Einnig er stutt í sund á Þelamörk og Hrafnagili.

Vín er steinsnar í suður frá bænum og þar er hægt að fá ís, kaffi og kökur og kíkja jafnvel í Jólalúsið í leiðinni. Enn sunnar selur bóndinn í Holtseli sinn víðfræga ís beint úr fjósinu og þaðan er orðið stutt í Smámunasafnið.

Náttúruperlurnar Dimmuborgir, Mývatn, Námaskarð og Jarðböðin á Mývatni eru í rúmlega klukkustundar keyrslu í austur, sem og Húsavík þar sem hægt er að fara í hvalaskoðun.

Í Kjarnaskógi er fjöldi gönguleiða, leiktæki og grillaðstaða og fjölbreyttasta samansafn platna af norðurslóðum er að finna í Listigarðinum.

Fjölmörg söfn og gallerí eru á Akureyri sem og í nánustu sveitum. Þar á meðal er Listasafn Akureyrar, gallerí Svartfugl, Safnasafnið, Flugsafnið, lónaðarsafnið og Minjasafnið svo eitthvað sé nefnt. Kaffihús eru víða sem og veitingastaðir við allra hæfi.

Þessa helgi verður Arctic Open golfmótið haldið og Listasumar verður í fullum gangi. Því ættu engum að þurfa að leiðast á Akureyri.

Nánari upplýsingar er að finna á eftirfarandi vefslóðum:
<http://www.akureyri.is> og <http://www.visitakureyri.is>

Staðsetning

AKUREYRI

Dagsetning

25. - 28. JÚNÍ

Yfirskrift

Gefum gætur hver að öðrum og hvetjum hver annan til kærleika og góðra verka. Hebreabréfið 10:24